

1872.
9. oktr. ágústm. þ. á., stungið uppá, að sækjandanum verði veittir 25 rd. sem endurgjald fyrir ferð hans.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir því sem á stendur leyfir stjórnarráðið, að borga megi hlutaðeiganda þetta skipti einungis, en án þess að gjöra það að reglu eptirleiðis, 25 rd. úr læknasjóðnum, og mun verða gætt að því, að þeim lækni, sem kann að fá veitingu fyrir embættinu, verði veitt embættið með þeirri skyldu, að hann fari ferðir þessar kauplaust. Því skal við bætt, að sækjandanum, sem nú sem stendur er hér í bænnum, er sagt til um þetta.

14. oktr. **93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins árið 1873.**

Með bræfi, dagsettu 4. þ. m., hefir fjárhagsstjórnin sent hingað bréf frá aðalpóststjórninni, þar sem stungið er uppá, að ferða-áætlun póstgufuskipsins íslenzka fyrir yfirstandandi ár skuli og gilda fyrir árið 1873, þannig að skipið fari 7 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og leggi af stað svo að segja sömu dagana, sem ákveðnir eru á þessu ári, sigli þrisvar inn á Berufjörð, og komi við við Vestmanneyjar, þegar svo til hagar, að því verði við komið, og hefir fjárhagsstjórnin jafnframt borið þetta undir álit dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu gefst fjárhagsstjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur fylgiskjalið, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að teknar verði til greina uppástungur aðalpóststjórnarinnar.